

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 59/2023****2023/EES/77/31****frá 17. mars 2023****um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1859 frá 10. júní 2022 um breytingu á tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem mælt er fyrir um í framkvæmdareglugerð (ESB) nr. 1248/2012 að því er varðar snið fyrir umsóknir um skráningar sem viðskiptaskrár og í umsóknum um framlengingu skráningar sem viðskiptaskrár <sup>(1)</sup>.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi er bætt við lið 31bcc (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1248/2012) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32022 R 1859**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1859 frá 10. júní 2022 (Stjttð. ESB L 262, 7.10. 2022, bls. 65).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2022/1859, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 18. mars 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 17. mars 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Nicolas von Lingen**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjttð. ESB L 262, 7.10.2022, bls. 65.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.